

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneytið**
Dagsetning: **17. desember 2021**
Málsnúmer: **FJR21120007**
Bréfalykill: **3.6**

Efni: Umsagnir um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárhagslegar viðmiðanir og lögum um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta (fjárhagslegar viðmiðanir og lykilupplýsingaskjöl)

I.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir afstöðu fjármála- og efnahagsráðuneytisins til umsagna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárhagslegar viðmiðanir og lögum um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta (fjárhagslegar viðmiðanir og lykilupplýsingaskjöl) (164. þingmál). Nefndinni hafa borist umsagnir frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Seðlabanka Íslands.

II.

Í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja er lagt til að undanþáguheimild 3. gr. frumvarpsins, til að bæta vöxtum við höfuðstól oftár en á tólf mánaða fresti, verði látin eiga almennt við þegar þess er þörf til að endurspeglar virka vexti vaxtaviðmiðunar sem samningur styðst við, en takmarkist ekki við vaxtaviðmiðanir sem koma í stað vaxtaviðmiðana sem eru lagðar af eða verða ónothæfar. ELLA verði erfitt fyrir íslensk fjármálafyrirtæki að notast við nýjar alþjóðlegar vaxtaviðmiðanir, sem fyrirséð er að byggist almennt á daglánavöxtum, og þau muni því ekki standa jafnfætis fjármálafyrirtækjum í öðrum aðildarríkjum.

Að mati ráðuneytisins gæti án slíkrar heimildar orðið erfitt fyrir íslensk fjármálafyrirtæki að styðjast við nýjar alþjóðlegar vaxtaviðmiðanir, sem miðast við dagvexti, í samningum sem eru til lengri tíma en eins dags. Ráðuneytið er ekki meðvitað um önnur rök sem mæla gegn slíkri heimild heldur en þau að hún vikur frá þeirri reglu sem almennt gildir um höfuðstólsfærslu vaxta samkvæmt vaxtalögum. Ráðuneytið telur því koma til greina að mæta tillögu Samtaka fjármálafyrirtækja.

III.

Í umsögn Seðlabanka Íslands er annars vegar bent á að túlka megi 3. gr. frumvarpsins þannig að hún heimili að vöxtum sé bætt við höfuðstól oftár en einu sinni á ári ef að samningur miðast við vaxtaviðmiðun sem kemur í stað vaxtaviðmiðunar sem er lögð af eða verður ónothæf, jafnvel þótt um sé að ræða nýjan samning en ekki samning sem hafi áður stuðst við vaxtaviðmiðun sem er lögð af eða verður ónothæf. Ráðuneytið tekur undir með Seðlabankanum að æskilegt sé að breyta ákvæðinu til að taka af vafa um þetta.

Í umsögn Seðlabankans er hins vegar lagt til að Seðlabankinn verði tilgreindur sem lögbært yfirvald í 1. mgr. 2. gr. laga um fjárhagslegar viðmiðanir, nr. 7/2021, í stað Fjármálaeftirlitsins. Í málsgreininni segir nú að Fjármálaeftirlitið sé lögbært yfirvald samkvæmt lögnum og hafi eftirlit með því að farið sé að þeim. Skv. 4. mgr. 2. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019, er Fjármálaeftirlitið hluti af Seðlabankanum og fer hann með þau verkefni sem Fjármálaeftirlitinu eru falin í lögum. Það hvort vísað sé til Seðlabankans eða Fjármálaeftirlitsins í lögum hefur þó þýðingu við afmörkun á því hvort ákvarðanir heyri undir fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabankans og við ákvörðun á eftirlitsgjaldi samkvæmt

lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald, nr. 99/1999, sem á að standa undir kostnaði vegna Fjármálaeftirlitsins og skilavalds en ekki vegna annarrar starfsemi Seðlabankans. Að mati ráðuneytisins eiga verkefni sem eru falin lögbæru yfirvaldi samkvæmt lögum um fjárhagslegar viðmiðanir, þar á meðal samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/1011 sem löggin lögfestu, að heyra undir Fjármálaeftirlitið. Ráðuneytið telur því rétt að vísa áfram til Fjármálaeftirlitsins frekar en Seðlabankans í 1. mgr. 2. gr. laga um fjárhagslegar viðmiðanir. Ráðuneytið telur það ekki geta valdið neinum vafa um það að lögaðilinn sem fari með verkefnið sé eftir sem áður Seðlabankinn.

IV.

Samkvæmt framangreindu telur ráðuneytið tilefni til að breyta 3. gr. frumvarpsins, annaðhvort til að mæta tillögu Samtaka fjármálafyrirtækja eða til að skerpa á því að ákvæðið takmarkist við þau tilvik þegar skipta þarf út vaxtaviðmiðunum sem stuðst hefur verið við í samningum eða fjármálagerningum því þær eru lagðar af eða verða ónothæfar.

Telji nefndin æskilegt að mæta tillögu Samtaka fjármálafyrirtækja telur ráðuneytið unnt að gera það með þeim hætti sem samtökin leggja til, það er með ákvæði sem orðast með eftirfarandi hætti:

Höfuðstólsfærsla vaxta samkvæmt vaxtaviðmiðun.

Þrátt fyrir 2. málsl. 1. mgr. 12. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, má bæta vöxtum við höfuðstól oftar en á tólf mánaða fresti ef þess er þörf til að endurspegla virka vexti vaxtaviðmiðunar.

Telji nefndin æskilegra að takmarka ákvæðið áfram við staðgönguviðmiðanir telur ráðuneytið að skerpa megi á merkingu þess til dæmis með eftirfarandi hætti:

Höfuðstólsfærsla vaxta samkvæmt staðgönguviðmiðun.

Þrátt fyrir 2. málsl. 1. mgr. 12. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, má bæta vöxtum við höfuðstól oftar en á tólf mánaða fresti ef þess er þörf til að endurspegla virka vexti vaxtaviðmiðunar sem kemur í stað vaxtaviðmiðunar sem stuðst hefur verið við í samningi eða fjármálagerningi en er lögð af eða verður ónothæf.

Reykjavík, 17. desember 2021

Efnahags og viðskiptanefnd Alþingis Alþingi við Austurvöll

Umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárhagslegar viðmiðanir, mál 164, 152. löggjafarþing

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur sent Samtökum fjármálafyrirtækja ofangreint frumvarp til skoðunar.

[Almennt fagna Samtökin frumvarpinu og telja það sé bóta.](#) Samtökin gera **bó** alvarlegar athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að þrátt fyrir 2. másl. 1. mgr. 12. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, megi bæta vöxtum við höfuðstól oftari en á tólf mánaða fresti „ef þess er þörf til að endurspeglar virka vexti vaxtaviðmiðunar sem kemur í stað vaxtaviðmiðunar sem er lögð af eða verður ónothæf“. Það er mat samtakanna að undanþágan sem lögð er til í 3. gr. samræmist ekki þeim aðstæðum sem nú eru upp komnar í alþjóðlegum lánviðskiptum með innleiðingu nýrra vaxtaviðmiðana. Í tillögunni er undanþágan bundin við vaxtaviðmiðanir sem koma í stað vaxtaviðmiðana sem verða lögð af eða verða ónothæf. Nauðsynlegt er að undanþágan gildi fyrir allar vaxtaviðmiðanir til þess að íslensk fjármálafyrirtæki búi við jafnræði gagnvart fjármálafyrirtækjum í öðrum EES-ríkjum hvað varðar möguleika á beitingu á nýjum vaxtaviðmiðunum.

Í lok umsagnar þessar er lögð fram breytingartillaga á 3. gr. frumvarpsins og rökstuðningur fyrir henni.

Samhengisins vegna vilja samtökin benda á eftirfarandi:

1. Á alþjóðavettvangi og innan ESB/EES hefur verið unnið að því að endurskoða fyrirkomulag vaxtaviðmiðana á peningamarkaði eða í viðskiptum þar sem vextir taka mið af slíkum vaxtaviðmiðunum. Til þessa hafa vextir á peningamarkaði verið ákvarðaðir með tvíhliða tilboðum (inn- og útlánsvaxtatilboðum) lykilbanka í hverju landi. Þessar breytingar má rekja til svokallaðs LIBOR-hneykslis þar sem bankar urðu uppvísir af því að setja fram óraunhæf tilboð til að gefa til kynna betri fjárhagslega stöðu en efni stóðu til. Til þess að girða fyrir þetta munu nýjar vaxtaviðmiðanir, sem mælt er með að notast verði í samningum eftir að LIBOR viðmið leggjast af, byggjast á raunverulegum viðskiptum en ekki tilboðum.
2. Samkvæmt tillögum frumvarpsins munu nýjar Evrópugerðir leiða til þess að nýjar vaxtaviðmiðanir koma í stað aflagðra vaxtaviðmiðana frá næstu áramótum. Þetta mun eiga við um samninga íslenskra fjármálafyrirtækja sem hafa að geyma tilvísanir til LIBOR vaxtaviðmiða og þar sem samningstími nær fram yfir það tímamark þegar LIBOR vextir hverfa af braut í núverandi mynd.

3. Fyrir liggur að þær viðmiðanir sem leysa af hólmi eldri tilboðsvexti (LIBOR eða samsvarandi) verða í flestum ef ekki öllum tilvikum daglánavextir (seðlabanka).¹ Tilboðsvextirnir eru ákveðnir til mismunandi binditíma, þ.e. til eins dags, viku, mánaðar, 3ja mánaða, 6 mánaða, 9 mánaða og 12 mánaða, og taka vextir í hverju tilviki mið af binditímanum. Mismunandi binditímar endurspeglanna annað hvort heildarlengd samnings eða tíðni gjalddaga samnings og eru nauðsynlegir vegna þarfa viðskiptavina.
4. Fyrir liggur að erlendis verða daglánavextirnir sem koma í stað tilboðsvaxtanna umreiknaðir með vaxtavöxtun (compounding) yfir í vexti mismunandi binditíma. Vaxtavöxtun, eða höfuðstólsfærsla vaxta, felur í sér að vextir eru lagðir við höfuðstól og vextir framvegis reiknaðir af uppfærðum höfuðstól. Þessi útreikningur mun því gilda um lántökur (fjármögnun) og afleiðuviðskipti íslenskra fjármálafyrirtækja erlendis, bæði útstandandi samninga og ný viðskipti frá áramótum um nokkra gjaldmiðla og fleiri þegar fram í sækir eftir því sem nýir viðmiðunarvextir leysa eldri af hólmi í viðskiptalöndum Íslands.²
5. Fyrir liggur að erlendir bankar, þar á meðal keppinautar íslenskra fjármálafyrirtækja, munu í sínum lánsviðskiptum og afleiðuviðskiptum beita vaxtavöxtun eins og lýst er að ofan við ákvörðun lánskjara viðskiptavina sinna, m.a. til íslenskra fyrirtækja. Þannig verður bein speglun á nýju viðmiðunarvöxtunum yfir í vaxtakjör viðskiptavinar að viðbættu álagi sem tekur mið af áhættu mótaðilans.
6. Í 2. málsl. 1. mgr. 12. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 er sett sú takmörkun á vaxtavöxtun (höfuðstólsfærslu) að ekki skal bæta vöxtum við höfuðstól oftast en á tólf mánaða fresti, nema um sé að ræða innlánsreikninga lánastofnana. Þessi takmörkun samræmist ekki þeim vaxtaútreikningi sem hinar nýju vaxtaviðmiðanir gera ráð fyrir, eins og skýr er út hér að framan. Því er nauðsynlegt að kveða á um það í íslenskum lögum að þetta ákvæði laga nr. 38/2001 eigi ekki við um nýju vaxtaviðmiðanirnar. Tillögunni í 3. gr. frumvarpsins er ætlað að ná þessu markmiði. Þegar tillagan er skoðuð nánar kemur í ljós að undanþágan sem þar er lögð til er ekki nægilega víðtæk til þess að ná markmiðinu.
7. Í 3. gr. frumvarpinu er lagt til að íslenskum fjármálafyrirtækjum verði einungis heimilt að höfuðstólsfæra vexti oftast en á 12 mánaða fresti ef þess er þörf til að endurspeglanna virka vexti vaxtaviðmiðunar „sem kemur í stað vaxtaviðmiðunar sem er lögð af eða verður ónothæf“. Tillagan á

¹ Á vef breska viðskiptaháttaeftirlitsins (FCA) má sjá hvaða áhættulausu vaxtaviðmið er lagt til að vísað verði til í stað LIBOR: <https://www.fca.org.uk/markets/libor-transition>

² ISDA (International Swaps and Derivatives Association) hafa gefið út ítarlega aðferðafræði vegna notkunar á áhættulausum (RFR – Risk Free Rates) vöxtum í stað LIBOR vaxta þar sem dagleg vaxtavöxtun er útskýrð: <https://www.isda.org/2020/05/11/benchmark-reform-and-transition-from-libor/>, Sjá nánar: https://www.isda.org/a/aIEgE/A40393158-v18.0-ISDA_Memorandum_Compounding-RFRs-under-2006-Definitions.pdf

þannig eingöngu við um svokölluð staðgönguviðmið (e. replacement for a benchmark) sem umreikna hina nýju viðmiðunarvexti (daglánaveyti) með vaxtavöxtum vegna gildandi samninga og í undantekningartilvikum vegna nýrra samninga sem eru endurnýjun á eldri samningum. Þetta myndi þýða að í meginatriðum yrði óheimilt að umreikna nýju viðmiðanirnar með vaxtavöxtum vegna nýrra samninga. Undanþágan sem lögð er til nær þannig ekki almennt til nýrra lána með hinum nýju vaxtaviðmiðunum. Sama þörfin er þó fyrir hendi bæði vegna útistandandi samninga og nýrra samninga.

8. Orðalag 3. gr. frumvarpsins gerir þannig ráð fyrir því að íslenskum fjármálagæðingjum verði ekki heimilt að umreikna nýju vaxtaviðmiðanirnar með vaxtavöxtum yfir í vexti nýrra samninga með mismunandi binditíma. Verði tillagan samþykkt munu íslensk fjármálagæðingi ekki geta beitt nýju vaxtaviðmiðunum með sama hætti og lánastofnanir í öðrum EES-ríkjum. Það er ófært að gera þá kröfu við lögfestingu Evrópugerða að íslensk fjármálagæðingi skuli beita nýjum vaxtaviðmiðunum ef önnur sérákvæði íslenskra laga, þ.e. 12. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, leiða til þess að þeim er í raun ómögulegt að beita þessum viðmiðunum, þ.e. eins og viðmiðin gera ráð fyrir og með sama hætti og lánastofnanir í öðrum EES-ríkjum. Það væri ótækt ef íslensk fjármálagæðingi yrðu knúin til þess að beita séríslenskum aðferðum til þess að ákvarða vexti í erlendum viðskiptum, t.d. með því að ákvarða og tilkynna daglega um eigin vexti í mismunandi gjaldmiðlum eða vera með vaxtaálag sem endurspegli auk mótaðilaáhættu mun erlendu viðmiðunarvaxtanna og virkra vaxta þeirra, sem yrði þá hugsanlega mismunandi eftir gjaldmiðlum. Hvort tveggja myndi draga í gagnsæi í viðskiptum og torvela samanburð á lánskjörum bæðin innanlands og samanburð á kjörum innlendra og erlendra lánastofnana.

Með vísan til framangreinds leggja Samtök fjármálagæðingja fram eftirfarandi breytingartillögu á 3. gr. frumvarpsins sem studd er eftirfarandi rökstuðningi:

Breytingartillaga

Lagt er til að fyrirsögn 3. gr. frumvarpsins verði „Höfuðstólsfærsla vaxta samkvæmt vaxtaviðmiðun“ og að 3. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi: „Þrátt fyrir 2. málsl. 1. mgr. 12. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, má bæta vöxtum við höfuðstól oftár en á tólf mánaða fresti ef þess er þörf til að endurspegla virka vexti vaxtaviðmiðunar.“

Rökstuðningur fyrir breytingartillögu

Í skýringu í greinargerð við 3. gr. frumvarpsins kemur fram að heimild til höfuðstólsfærslu vaxta oftár en á tólf mánaða fresti eigi við um staðgönguviðmiðun, hvort sem hún er ákvörðuð í undirgerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem er veitt gildi hér á landi með reglugerð ráðherra, ákvörðun Fjármálaeftirlitsins eða samningi aðila. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur gefið út reglugerðir (ESB) 2021/1847 og 2021/1848 sem tilgreina tiltekna staðgönguviðmiðanir (e. CHF LIBOR og EONIA). Enn ríkir nokkur óvissa um það hvort, hvenær og með hvaða skilyrðum framkvæmdastjórnin muni tilgreina frekari staðgönguviðmiðanir í sambærilegum reglugerðum. Þetta hefur þau áhrif að óvissa ríkir um það til hvaða vaxtaviðmiðana heimildin sem lögð er til í 3. gr. frumvarpsins eigi við. Nauðsynlegt

er að íslensk fjármálafyrirtæki búi við jafnræði gagnvart keppinautum í öðrum EES-ríkjum hvað varðar möguleika á beitingu á nýjum vaxtaviðmiðum. Gera þarf íslenskum fjármálafyrirtækjum kleift að beita nýjum vaxtaviðmiðunum sem byggja á því að vextir séu höfuðstólsfærðir oftar en 12. gr. vaxtalaga kveður á um, óháð því hvort um sé að ræða staðgönguviðmiðun og hvort um sé að ræða samninga sem gerðir voru fyrir 31. desember 2021. Því er lagt til að heimildin í 3. gr. frumvarpsins vísi ekki til orðsins „staðgönguviðmiðun“ heldur til orðsins „vaxtaviðmiðun“. Vaxtaviðmiðunin getur verið ákvörðuð í undirgerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem er veitt gildi hér á landi með reglugerð ráðherra, í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins eða annarra lögbærra yfirvalda hér á landi eða í samningi aðila.

Virðingarfyllt,





17. desember 2021

Tilv.: 2112120

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárhagslegar viðmiðanir og lögum um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingaafurða fyrir almenna fjárfesta, 164. mál.

Með tölvupósti dags. 15. desember s.l. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um um breytingu á lögum um fjárhagslegar viðmiðanir og lögum um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta, nr. 7/2021 (fjárhagslegar viðmiðanir og lykilupplýsingaskjöl), 164. mál.

Seðlabanki Íslands gerir eftirfarandi athugasemd við frumvarpið:

a. Í 3. gr. frumvarpsins segir:

„Höfuðstólsfærsla vaxta samkvæmt staðgönguviðmiðun.

Þrátt fyrir 2. másl. 1. mgr. 12. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, má bæta vöxtum við höfuðstól oftár en á tólf mánaða fresti ef þess er þörf til að endurspeglar virka vexti vaxtaviðmiðunar sem kemur í stað vaxtaviðmiðunar sem er lögð af eða verður ónothæf.“

Í ákvæðinu er mælt fyrir um undanþágu frá 2. másl. 1. mgr. 12. gr. vaxtalaga:

„Ekki skal bæta vöxtum við höfuðstól oftár en á tólf mánaða fresti, nema um sé að ræða innlánsreikninga lánastofnana.“

Verði ákvæðið samþykkt verður heimilt að höfuðstólsfæra vexti innan árs (vaxtavaxta) vegna staðgönguvaxtaviðmiðana sem koma í stað vaxtaviðmiðana sem hætt verður að birta, ef þess er þörf til að endurspeglar virka vexti staðgönguvaxtaviðmiðunar sem kemur í stað vaxtaviðmiðunar sem er lögð af eða verður ónothæf.

Í sjálfu sér er ekkert í ákvæðinu sem bannar að nota staðgönguvaxtaviðmið í nýjum samningum. Í samræmi við ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 2021/168 væri rökréttara að kveða á um að bæta megi vöxtum við höfuðstól oftár en á tólf mánaða fresti ef þess er þörf til að endurspeglar virka vexti vaxtaviðmiðunar sem kemur í stað vaxtaviðmiðunar í samningi eða fjármálagerningi þegar viðmiðunin hefur verið

lögð af eða er orðin ónothæf. Að öðrum kosti mætti túlka ákvæðið þannig að það næði til staðgönguvaxtaviðmiðana í nýjum samningum, en ekki eingöngu til gildandi samninga.

Með hliðsjón af framangreindu leggur Seðlabankinn til að ákvæðinu verði breytt þannig að tryggt sé að það taki til nýrra samninga og fjármálagerninga með virkri vaxtaviðmiðun sem er birt af stjórnanda *vegna þeirrar myntar sem viðkomandi vaxtaviðmiðun taki til*. Reglugerð (ESB) nr. 2016/1011 skilgreinir stjórnanda sem þann aðila sem hefur yfirráð yfir gerð viðmiðunar. Þannig mætti t.d. nota virka vexti vaxtaviðmiðunar sem Seðlabanki Íslands myndi birta vegna íslensku krónunnar.

Mikilvægt er að tryggja að útfærsla vaxtaviðmiðanna geti verið með sambærilegum hætti og í nágrannalöndum og er ákvæði frumvarpsins liður í að tryggja slíka samfellu í vaxtaútreikningi.

Seðlabankinn telur ekki rétt að víkka nú undanþáguna frá 2. másl. 1. mgr. 12. gr. vaxtalaga, þannig að hún næði til tíðari höfuðstólsfærslu vaxta en á 12 mánaða fresti, vegna annarra vaxtaviðmiðana en hér um ræðir. Slík undanþága væri talsvert víðari en sú sem frumvarp þetta varðar og kallar á ítarlegri skoðun og samráð við hagsmunaaðila.

- b. Í 1. mgr. 2. gr. laga 7/2021 um fjárhagslegar viðmiðanir er Fjármálaeftirlitið skilgreint sem lögbært yfirvald hér á landi. Við sameiningu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins fluttust öll verkefni þess síðari til Seðlabankans. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, eins og þeim var breytt með lögum nr. 91/20189, er „Fjármálaeftirlitið“ ekki lengur til sem lögpersóna eða stofnun og skilja ber tilvísanir í lögum til „Fjármálaeftirlitsins“ sem tilvísanir til Seðlabanka Íslands og verkefna hans á sviði fjármálaeftirlits, sbr. einnig ákvæði 4. 2. gr. laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands. Tilvísanir til „Fjármálaeftirlitsins“ eru því eingöngu tilvísanir til eftirlitsstarfsemi Seðlabankans sem honum er lögum samkvæmt falið að sinna, en ekki tilgreining á stofnun og þar með aðila sem bær er að lögum til að bera skyldur eins og þær sem kveðið er á um í frumvarpinu. Því er lagt til að Seðlabanki Íslands verði tilgreindur sem lögbært yfirvald.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri

Sturla Pálsson
framkvæmdastjóri